

109. fundur

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund mánudaginn 30. janúar 2006 kl. 18:00 í kaffistofu skólans. Mætt voru Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Margrét Ásgeirsdóttir, Sævar Harðarson og Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri.

Dagskrá: 1. Skýrsla skólastjóra.
2. Önnur mál.

1. Skýrsla skólastjóra.
Nemendafjöldi í tónlistarskólanum er 120. Í dag eru 20 á biðlista þrátt fyrir að 15 hafi komist inn um áramót.

Nýtt fyrirkomulag í blástursdeildinni með samspilshópum fer vel af stað.

Heimsókn Skólalúðrasveitar Seltjarnarness tókst mjög vel. Skólalúðrasveit Mosfellsbæjar, yngri nemendur, kemur í heimsókn í mars og mun Litla lúðrasveit Tónlistarskóla Stykkishólms spila með þeim.

Dagur tónlistarskólanna verður í lok febrúar og gert er ráð fyrir að vera með einhverja upptöku þá.

Í vor taka 7-8 nemendur áfangapróf og er verið að gera ráðstafanir til að fá prófdómara.

Í dag eru átta nemendur í tónlistarskólanum sem eru í FSN. Verið er að skoða möguleika á mati á námi hjá nemendum við Tónlistarskóla Stykkishólms sem er mjög mikilvægt fyrir nemendur. Jóhönnu og Elísabet falið að kanna þetta mál.

Skólanum barst 200.000 króna styrkur frá VÍS til hljóðfærakaupa, sem hefur þegar verið ráðstafað. Einnig hafa verið keypt hljóðfæri úr hljóðfærastjóðnum.

KB banki kostaði kaup á nýjum möppum fyrir lúðrasveitina.

Lista- og menningarsjóður veitti skólanum styrk að upphæð kr. 200.000 til Lúðrasveitar.

Minningartónleikar um Sigrúnu Jónsdóttur verða haldnir þann 19. mars nk.

Skólastjóri er að skrá námsfravindu nemenda og styrkja gagnagrunn skólans.

Fundi slitið kl. 19:08.

Sævar Harðarson, fundarritari (sign.),

Margrét Ásgeirsdóttir (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).